
Ávarp

Hátækni- og
sprotaping 2009

Jón Ágúst Þorsteinsson, Ph.D

Kæru gestir.

Frá því við komum síðast saman á Sprotapingi fyrir tveimur árum hefur íslenskt efnahagslíf tekið miklum umskiptum, - eina ferðina enn liggur mér við að segja. Í þetta skipti snérist lukkuhjólið sprotafyrirtækjum í vil.

Hrun íslensku krónunnar á síðasta ári stórjók tekjur fyrirtækja með erlendar tekjur og hrun fjármálakerfisins gerði sprotafyrirtækin aftur vel samkeppnisfær um starfsfólk. Það var í rauninni svo að í hinu meinta góðæri á árunum 2002 til 2008 ríkti kreppa og nauð í hátæknigeiranum hér á landi. Kreppa sem stoppaði vöxt þessarar greinar í um 5 til 8 ár. Þessar þversagnir hafa leitt mig til þess að reyna að skoða atvinnulífið á Íslandi heildstætt og skoða hvernig þróa megi stöðugt og traust atvinnulíf hér á landi án umskipta, hruns, kreppu og umbyltinga.

Í þessu stutta erindi mínu langar mig til að beina sjónum að rótum vanda okkar atvinnu- og efnahagslífs. Eftir um aldarfjórðungs starf í danska og íslenska tækni- og þekkingargeiranum hef ég sannfærst um að vandi okkar er sá að við sem þjóð greinum ekki aðstæður okkar í atvinnulífi nægjanlega vel og undirbúum og skipuleggjum ekki framtíðina eins og okkur ber nauðsyn til að gera í rekstri fyrirtækja og heimila. Í stað þess að greina veikleika og styrkleika lands og þjóðar, setja okkur markmið til langs tíma og skilgreina færar leiðir þá einkennast ákvarðanir okkar og aðgerðir af viðbrögðum við því sem að okkur snýr þegar lukkuhjólið stöðvast í það og það skipti. Við höfum ekki ráðið för, heldur hending.

Í þessu erindi langar mig til að greina aðstæður okkar og benda á tækifærin sem þau miklu umskipti sem átt hafa sér stað í þjóðlífi, stjórnmalalífi og athafnalífi á undanförunum misserum þjóða okkur upp á.

Atvinnulíf á Íslandi hefur lengst af byggst á nýtingu náttúruauðlinda og umgjörð alls atvinnu- og efnahagslífs allt fram til dagsins í dag tekur mið af því. Fyrst og lengst af var það sauðfjárræktin, þá sjávarútvegurinn og nú síðast orkuauðlindir. Allt eru þetta atvinnugreinar sem háðar eru náttúrulegum sveiflum og sökum einhæfni atvinnulífs hefur allt efnahagslíf sveiflast með.

Fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar til að skapa í flýti fleiri stoðir og nýja máttarstólpa, - í síðasta meinta góðæri var það stofnun og rekstur alþjóðlegra fjármálafyrirtækja en það var gert án undirbúnings á sviði menntunar eða uppbyggingar mikilvægrar reynslu og þekkingar. Flestar þessar tilraunir hafa mistekist og oftast en ekki hafa þær magnað sveiflurnar í efnahagslífi þjóðarinnar. Þær viðbótargreinar sem hafa náð að vaxa og dafna, hafa fengið tíma og eðlilegt svigrúm til að þroskast og eflast á eigin forsendum. Ferðaþjónustan og tæknifyrirtæki á borð við Össur, Marel, CCP, NibleGen og Actavis eru afrakstur og góð dæmi um árangur áratuga uppbyggingar- og frumkvöðlastarfs.

Þegar hugað er að framtíð atvinnulífs hér á landi blasa við tímamót. Náttúruauðlindir okkar eru af skornum skammti, - við nálgumst endamörk nýtingar auk þess sem náttúrverndarsjónarmið og krafan um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda gera heildarendurskoðun atvinnustefnu okkar sem þjóðar óhjákvæmilega.

Hrun fjármálakerfisins í fyrra hafði veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf sem hafði þanist óhóflega árin á undan vegna offramboðs á lánsfé og mikilla fjárfestinga í orkumannvirkjum, álverum og húsnæði. Umræðan í dag um „endurreisn atvinnulífsins“ er um margt varhugaverð því hún ber merki örvæntingar og einskona löngunar til að endurheimta störf sem urðu til í ofþöndu hagkerfi.

Viðbrögð og ráðstafanir sem nú er hæst kallað á geta reynst skammgóður vermir sem í besta falli frestar vandanum en í versta falli eykur sveiflur og vandann enn frekar til framtíðar horft. Enn og aftur er verið að bregðast við aðstæðum og taka tímamótaákvæðanir í paníkástandi og án fullrar yfirsýnar. Það er mikilvægt að hafa það í huga að hrun fjármálakerfisins var ekki hrun atvinnulífsins. Fall fjármálakerfisins er hluti þróunar.

Okkur hafa nú verið skapaðar aðstæður til að endurskoða það sem fyrir er og í raun fært í hendur einstakt tækifæri til að byggja frá grunni varanlegt og sjálfbært atvinnulíf sem við skipuleggjum, þróum og þá horfum við a.m.k til 20 ára. Á sama hátt og góðæri ofpenslu var kreppa þekkingarfyrirtækja má segja að hrun fjármálakerfisins feli í sér óvænt tækifæri fyrir hátækni- og sprotafyrirtækin og í raun atvinnulífið í heild sinni.

Ef við lítum til granna okkar í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð sjáum við að breytingar á atvinnulífi eru markvisst ferli sem tekur ár og áratugi. Mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum er mannauðurinn og stöðugleikinn.

Fáar þjóðir sem ég hef kynnst eiga eins kraftmikinn hóp af fólki sem er reiðubúið að leggja allt í sölurnar fyrir sínar sprotahugmyndir og við Íslendingar. Fólk sem vill ýta úr vör smáfyrirtækjum til þess að sjá draum sinn verða að veruleika, - sjálfum sér og öðrum til góðs.

Þrátt fyrir mjög erfitt tímabil á árunum 2002 til 2008 þá eigum við Íslendingar því láni að fagna að eiga um 200 sprota- og þekkingarfyrirtæki á ýmsum þroskaskeiðum sem öll eru að vinna að góðum, merkum og verðmætum verkefnum. Af öllum þessum fjölda þá eigum við um 20 til 30 fyrirtæki sem eru meira en 7 ára og um 10 til 15 sem eru 10 ára og eldri. Þessi fyrirtæki eru sterk og hafa lifað af, bæði allt of sterka krónu og svo hrun á fjármálamörkuðum. Þau búa því yfir mikilli seiglu, sveigjanleika og öfluggu og góðu starfsfólki sem er tilbúið til að takast á við spennandi framtíð. Þetta eru fyrirtæki sem urðu til fyrir þrautseigju og þolinmæði og eftir langan undirbúning, skipulagningu og áætlanagerð.

Þessi fyrirtæki eru einkum á sex sviðum.

- orku- og umhverfistækni
- vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu
- Líftækni
- heilbrigðistækni
- upplýsingatæknifyrirtæki
- leikjaiðnaður

Þekkingar- og sprotageirinn hér á landi stendur traustum fótum. Þessi fyrirtæki þjóða nauðsynjavöru og þjónustu og spara því verulegan gjaldeyri fyrir íslenskt þjóðarbú og auk þess skila þau miklum gjaldeyrstekjum sem aflast vegna sölu erlendis á vörum, lausnum, þjónustu og þekkingu. Verðmæti útflutnings á hátæknivörum og þjónustu nema nú á þessu ári um 37 milljörðum íslenskra króna og jafngildir það 5,5% af heildaútflutningstekjum þjóðarinnar. Einhverjum kann að þykja það lítið en þegar haft er í huga að á síðustu 10 árum hafa þessi verðmæti nærri fimmfaldast má glögglega sjá vaxtamöguleika greinanna þrátt fyrir alveg gríðarlegan mótvind á síðustu árum. Þá má áætla að framlag greinanna til hagvaxtar sé mun meira þar sem þessi fyrirtæki veita hlutfallslega fleirum atvinnu en önnur útflutningsfyrirtæki.

Á löngum tíma þá höfum við byggt upp saman umhverfi þessara fyrirtækja – hér hafa allir hjálpast að - starfsfólk fyrirtækjanna, stjórnvöld, Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður, AVS og Frumtak. Það hefur tekist að styðja vel við þennan iðnað og stuðla að uppbyggingu hans mörg undanfarin ár. Ný lagafrumvörp, frá stjórnvöldum, sem eru á leiðinni koma til með að gera okkur enn betri.

Í þessum fyrirtækjum er mikill mannauður. Flestir starfsmenn eru sérmenntaðir og eru komnir með áratuga reynslu á sínu þekkingasviði auk reynslu af beinum samskiptum við erlenda aðila og af alþjóðlegu starfsumhverfi. Þessi bakgrunnur einstaklinganna sem vinna í þessum fyrirtækjum er ómetanlegur og er grunnur til að byggja á til framtíðar. Mikilvægt er að hafa í huga að þekking einstaklinganna hverfur ekki þó einstök verkefni úreldist eða fyrirtæki týni tölunni. Í þessu sambandi er mikilvægt að við sem þjóð förum ekki á mis við þá miklu reynslu sem einstaklingar í fjármálageiranum öfluðu sér á sviði alþjóðlegra fjármála. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að halda utanum þessa þekkingu. Alþjóðleg fjármálastarfsemi hefur ekki breyst þó svo íslenskir bankar hafi horfið af því sviði. Hvað sem öllu tali um hrun líður nýtist þessi þekking okkur í útflutningsfyrirtækjunum nú sem endranær.

Góðir þinggestir.

Ég sagði hér áðan að við stæðum á tímamótum. Ekki aðeins vegna ófara íslensku krónunnar og fjármálakerfisins heldur einnig vegna þess að við munum ekki geta nýtt náttúruauðlindir okkar með sama hætti og áður til verðmætasköpunar. Á þessum tímamótum eigum við a.m.k. tvo valkosti.

Annar er að halda á sömu braut náttúrunýtingar í einhvern tíma með tilheyrandi sveiflum í efnahagslífi, togstreitu gamalla og nýrra atvinnugreina og nagandi óvissu um framtíð þar sem atvinnulífið væri ekki nema að litlu leyti sjálfbært og varanlegt. Þennan kost þekkjum við því miður alltof vel og afleiðingar hans.

Hinn er kostur mannauðsvirkjana. Sá kostur kallar á skipulag, áætlanir og nýjar áherslur í menntakerfi, nýjar tengingar mennta- og atvinnulífs þar sem áhersla er lögð á aukna starfsþjálfun ungs fólks í markvissum samskiptum við alþjóðlega aðila og ekki síður að tryggja styrkari innviði sem styðja betur við þekkingar- og sprotagreinar og verkefni. Þegar eru til fyrirtæki á fjölbreyttum sviðum sem geta eflst og rutt brautir fyrir aðra því yfirleitt eru þessi fyrirtæki á risavöxnum alþjóðamörkuðum og eru ekki að taka frá hvort öðru heldur eiga þau sameiginlega hagsmuna að gæta að mjög miklu leyti.

Þá er fjölbreytni þessara greina nægjanlegur til að tryggja stöðugleika sem getur jafnað í auknum mæli efnahagssveiflur í hinu litla íslenska hagkerfi. Og munum að það er ekki stærð fyrirtækjanna sem skiptir máli heldur þau verðmæti og útflutningstekjur sem hver starfsmaður skapar.

Kæru samherjar.

Óspillt umhverfi og einstök náttúra Íslands er uppspretta óendanlegra verðmæta ef rétt er á haldið. Ekki hefur náttúran aðeins skapað forsendur öflugrar ferðaþjónustu heldur hefur hún skapað Íslandi og Íslendingum ímynd og ásýnd sem nýtist öllum útflutningsfyrirtækjum í kynningar-, markaðs- og sölustarfi þeirra. Þá hefur orðspor lands og þjóðar hvatt viðskiptavinum okkar til að sækja landið heim og hefur það nýst fyrirtækjum afar vel að geta átt slíka fundi á heimavelli. Þetta orðspor og þessa virðingu gagnvart landi og þjóð má alls ekki rýra eða eyðileggja með skammtíma hugsun og skammtíma lausnum.

Á þessari stundu efast ég ekki um að í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins hafi tiltrú íslenskra fjármálafyrirtækja í einhverjum löndum og á einhverjum mörkuðum minnkað, en mig grunar að lengra nái ekki hin meintu áhrif hrunsins á ímynd Íslands. Við hjá Marorku höfum að minnsta kosti aldrei fundið fyrir því að orðspor okkar hafi laskast vegna hruns fjármálageirans. Á hinn bóginn óttumst við afleiðingar þess ef hrun fjármálakerfisins leiðir til þess að Íslendingar standa ekki við alþjóðlegar skuldbindingar og alþjóðasamninga. Þá gæti orðspor okkar laskast og hagsmunir fyrirtækja sem byggja á alþjóðlegum viðskiptum skaðast varanlega.

Ég er sannfærður um að farsæld okkar sem búum þetta land er falin í virkjun mannauðsins. Við þurfum að breyta áherslum hins opinbera í afskiptum sínum af atvinnulífinu frá tilviljanakenndum viðbrögðum við tímabundnar aðstæður sem framkölluð eru vegna skammtímasjónarmiða einstakra atvinnugreina. Atvinnulífið og hið opinbera þurfa að vinna áætlun til að minnsta kosti 20 ára um framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins á Íslandi.

Við í samtökum atvinnuveganna þufum að greina stöðu okkar, skilgreina markmið, finna leiðir, skipuleggja framtíðina og gera áætlanir til 5, 10 og 20 ára sem leiða okkur áfram dag frá degi á markaðri braut.

Hið opinbera gegndi veigamiklu hlutverki þegar við hófum við þarsíðustu aldamót að sækja lífsbjörgina til sjávar og opinberir aðila stóðu fyrir nýtingu vatnsafls og jarðvarma um og uppúr miðri síðustu öld. Þetta eru tvö stærstu skrefin í atvinnusögu Íslendinga. Nú stöndum við frammi fyrir því þriðja. Af hverju hikum við? Nú er lag.

Takk fyrir.